

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

58. fundur.

að Hlíðavegi 6, 9. júní 2005, kl. 15:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2004, síðari umræða.
3. Erindi Héraðsnefndar um verkefnið BYR.
4. Fundargerð bygginganefndar frá 24. maí.
5. Erindi Náttúrustofu Norðurlands um verndaráætlun í samræmi við lög um verndun Mývatns og Laxár 97/2004.
6. Erindi Vegagerðarinnar, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna Jarðbaðsvegar í Mývatnssveit.
7. Ráðning skólastjóra Reykjahlíðarskóla.
8. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs.
9. Erindi Vegagerðarinnar, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar slitlags og styrkingar vegar frá slitlagsenda á Grímsstaðaheiði u.þ.b. 5 km áleiðis að sæluhúsi.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að 7. 8. og 9. máli yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2004, síðari umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 191,2 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum

að fjárhæð 193,8 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 182,9 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 177,4 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,50% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,50% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 8,6 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 3,3 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 10,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 0,5 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 294,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 221,0 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 114,4 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 34 stöðugildum.

Íbúafjöldi Skútustaðahrepps 1. desember 2004 var 437 og fækkað um 3 frá fyrra ári.

Kjörnir skoðunarmenn hafa haft samband við sveitarstjóra og tjáð honum að þeir geri ekki athugasemdir við reikninginn að öðru leit en verið hefur þ.e. að óásættanlegt sé að stórar upphæðir standi út af vegna óinnheimtra tekna af sölu heits vatns.

Skoðunarmenn munu skila bréfi til sveitarstjórnar á næstu dögum.

3. **Erindi Héraðsnefndar um verkefnið BYR.**

Sveitarstjórn hafnar að Héraðsnefnd taki þátt í verkefninu á þessu stigi þar sem sveitarstjórn telur að með því sé verið að festa nýja starfsemi í sessi án þess að ráð hafi verið fyrir gert í fjárhagsáætlun og án þess að dregið sé úr annari starfsemi.

4. **Fundargerð byggingarnefndar frá 24. maí.**

16. liður fundargerðarinnar á við um Skútustaðahrepp, sem er viðbygging við söluhús Dyngjunnar. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu byggingarnefndar.

5. **Erindi Náttúrustofu Norðurlands um verndaráætlun í samræmi við lög um verndun Mývatns og Laxár 97/2004.**

6. **Erindi Vegagerðarinnar, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna Jarðbaðsvegar í Mývatnssveit.**

Sveitarstjórn samþykkti á símafundi hinn 2. júní að veita framkvæmdaleyfi fyrir sitt leiti.

7. **Ráðning skólastjóra Reykjahlíðarskóla.**

Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að ganga frá ráðningu Sólveigar Jónsdóttur, sem skólastjóra Reykjahlíðarskóla. Þess ber að geta að formaður skólanefndar hefur leitað álits skólanefndarmanna á ráðningunni og hafa skólanefndarmenn lýst ánægju með ráðningu Sólveigar Jónsdóttur.

8. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs.

Gerð var tillaga um að Guðrún María Valgeirsdóttir yrði kjörin oddviti og Jón Óskar Ferdinandsson varaoddviti, bæði til eins árs. Aðrar tillögur voru ekki gerðar og eru Guðrún María og Jón Óskar því sjálfkjörin.

9. Erindi Vegagerðarinnar, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar slitlags og styrkingar vegar frá slitlagsenda á Grímsstaðaheiði u.þ.b. 5 km áleiðis að sæluhúsi.

Samþykkt að veita umbeðið framkvæmdaleyfi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Þuríður Snæbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.